

## **Borholur í Hvammssveit (3805) í Dalasýslu**



**Haukur Jóhannesson**

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/017


Ágúst 2014

## Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Hvammssveit. Þær eru 24 að tölu. Á Laugum eru þrjár borholur af 12 þekktar með nafni og vitað er um staðsetningu fimm annarra (ein þeirra sést) en ekkert er vitað um fjórar. Upplýsingar um holurnar er að finna í 1. töflu og staðsetningar þeirra eru sýndar á 1., 2. og 3. mynd.

*1. tafla. Borholur í Hvammssveit í Dalasýslu. Ekki er vitað um heiti á þeim holum sem eru stjörnumerktar í fyrsta dálki. Aðrar upplýsingar sem fylgja þeim holum eiga við holur SL-02 til SL-06.*


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33461	HH-01	Hólar	51	2000	65° 14.084	21° 48.238
33451	SS-01	Skerðingsstaðir	50	2000	65° 12.681	21° 48.023
34391	HA-01	Hofakur	42	2008	65° 12.148	21° 49.519
34041	SS-01	Skarfsstaðir	61	2007	65° 10.898	21° 50.496
34001	SL-01	Laugar	201,5	1964/1965	65° 14.802	21° 48.335
34002*	SL-0v	Laugar	28	1964	65° 14.838	21° 48.419
34003*	SL-0y	Laugar	36	1964/1965	65° 14.798	21° 48.345
34004*	SL-0x	Laugar	2,2	1964	65° 14.795	21° 48.334
34005*	SL-0w	Laugar	12	1965	65° 14.783	21° 48.410
34006*	SL-0z	Laugar	7	1965	65° 14.794	21° 48.469
34007	SL-07	Laugar	9	1965		
34008	SL-08	Laugar	12	1965		
34009	SL-09	Laugar	9	1965		
34010	SL-10	Laugar	5	1965		
34011	SL-11	Laugar	438	1996	65° 14.794	21° 48.341
34012	SL-12	Laugar	301,5	2000	65° 14.794	21° 48.341
34021	SG-01	Gerði	54	1992	65° 15.599	21° 48.144
34022	SG-02	Gerði	45	1992	65° 15.600	21° 47.975
34023	SG-03	Gerði	84	1992/1995	65° 15.595	21° 48.287
34024	SG-04	Gerði	137	1993	65° 15.680	21° 47.776
34025	SG-05	Gerði	1163,1	1994/1998	65° 15.491	21° 48.189
34026	SG-06	Gerði	107	1995	65° 16.219	21° 49.511
34027	SG-07	Gerði	75	1995	65° 15.798	21° 48.610
34028	SG-08	Gerði	10,5	1996	65° 15.461	21° 48.363



1. mynd. Staðsetning allra borholna í Hvammsveit.



2. mynd. Staðsetning borholna í Gerði í Hvammssveit.



3. mynd. Staðsetning þekktra borholna á Laugum í Hvammssveit.

## HH-01 - Hólar

Borhola HH-01 er í kjaftinum á svonefndu Paradísargili um einn km norðvestan við Hólabæinn. Holan var undir bergveggnum innan við gilið en nú er hrunið yfir hana. Holan var boruð sem hitastigulshola en ekki kaldavatnshola eins og getið er í borholuskrá Orkustofnunar.



*4. mynd. Borhola HH-01 var þar sem maðurinn stendur á myndinni.*

## SS-01 - Skerðingsstaðir

Borhola SS-01 er 100 metra ofan og norðan við bæinn. Þar eru nokkur tré og er borholan þar við í þéttu grasi og því erfitt að finna hana. Holan er ekki notuð en í þökkalegu ástandi. Í holunni mun vera vatn en dæla hefur ekki verið sett þar niður. Holan var upphaflega boruð sem kaldavatnshola en ekki hitastigulshola eins og getið er í borholuskrá Orkustofnunar.



5. mynd. Borhola SS-01 á Skerðingsstöðum. Bæjarhúsin í baksýn.

## HA-01 - Hofakur

Holan er um 40 metra ofan við húsin á bænum. Plastfiskikari hefur verið hvolft yfir hana. Í holunni er dæla og vatnið nýtt fyrir bæinn.



6. mynd. Borhola HA-01 á Hofakri. Bæjarhúsin í baksýn.

## SS-01 - Skarfsstaðir

Borhola SS-01 er skammt ofan og innan við íbúðarhúsið. Í holunni er dæla og vatnið nýtt sem neysluvatn.



*7. mynd. Borhola SS-01 á Skafsstöðum. Íbúðarhúsið í baksýn.*



## SL-01 - Laugar

Borhola SL-01 neðan og innan við gilkaftinn ofan við húsin á Laugum. Hún er illa farin en vatnið er nýtt til upphitunar o.fl. Vatnið er leitt í jöfnunargeymi.



*8. mynd. Borhola SL-01 á Laugum.*



*9. mynd. Borhola SL-01 á Laugum, jöfnunargeymir í baksýn.*

## SL-0v - Laugar

Borhola SL-0v (34002\*) er á innri beygjunni á slóðanum sem liggur upp frá Laugum. Þar var boruð ein hola upp af innri lauginni. Holan er komin á bólakaf í skriðu.



*10. mynd. Borhola SL-0v á Laugum.*

## SL-0y - Laugar

Borhola SL-0y (34003\*) er í girðingarhorninu utan og ofan við Jöfnunargeymin við holu SL-01. Hún virðist af gömlum ljósmyndum hafa verið um 3" víð en búið er að moka yfir hana.



*11. mynd. Borhola SL-0y á Laugum. Borhola SL-11 er neðst vinstra megin á myndinni.*

## SL-0x - Laugar

Borhola SL-0x (34004\*) var skammt utan við jöfnunargeyminn og neðan við holur SL-11 og SL-12. Búið er að moka yfir holuna.



12. mynd. Borhola SL-0x. Jöfnunargeymirinn til hægri.

## SL-0w - Laugar

Borhola SL-0w (34005\*) er um tvo metra innan við steyptu þróna í gílinu upp af byggðinni. Holan hefur verið 3" víð og var boruð lárétt inn í bergið



13. mynd. Borhola SL-0w. Þróin yfir gömlu lauginni er hægra megin á miðri mynd.



*14. mynd. Borhola SL-0w á Laugum.*

## SL-0z - Laugar

Borhola SL-0z (34006\*) var við endann á slóðinni upp frá Laugum og á gilpröminni. Holan sést ekki og er komin á kaf í framskrið.



15. mynd. Borhola SL-0z á Laugum var þar sem rauði hringurinn er.



**SL-07 - Laugar**

**SL-08 - Laugar**

**SL-09 - Laugar**

**SL-10 - Laugar**

Ekki er vitað hvar fjórar af holunum á Laugum voru.

## SL-11 - Laugar


Borhola SL-11 er um 15 metra suður af holu SL-01. Vítt járnör er umhverfis holuna. Vatn er leitt úr henni og í jöfnunargeyminn og notað fyrir hitaveitu. Ástand holunnar er þökkalegt.



*16. mynd. Borhola SL-11 á Laugum.*

## SL-12 - Laugar

Borhola SL-12 á Laugum er 3-4 metra suður af holu SL-11. Holan hefur verið boruð á ská inn undir hlíðina. Í holunni er lítils háttar vatn sem þverr þegar skrúfað er frá henni. Hún er í góðu ásigkomulagi.



17. mynd. Borhola SL-12 á Laugum.



*18. mynd. Borhola SL-12 á Laugum.*

## SG-01 - Gerði

Borhola SG-01 í Gerði er í neðri skurðbakka efsta skurðarins um 100 metra innan við vélageymsluna sem er við heimreiðina að bænum. Holan er í þökkalegu ástandi.



*19. mynd. Borhola SG-01 í Gerði. Vélageymslan í baksýn og fjær og ofar er bærinn sjálfur.*

## SG-02 - Gerði

Borhola SG-02 í Gerði er um 130 metra í háaustur frá holu SG-01 og er nokkru ofar í hlíðinni. Holan er boruð í innskotsklöpp og er í þökkalegu ástandi.



20. mynd. Borhola SG-02 í Gerði. Horft inn Sælingsdal.

### SG-03 - Gerði

Borhola SG-03 er í efri skurðbakka um 110 metra vestur frá holu SG-01. Þetta er þriðji skurður ofan frá. Holan er nokkuð illa farinn því heyvinnsluvélar hafa rekist í holutoppinn og beyglað hann.



21. mynd. Borhola SG-03 í Gerði. Horft út Sælingsdal og er hola SG-05 handan við vatnið.

## SG-04 - Gerði

Borhola SG-04 í Gerði er um 220 metra norðaustur af holu SG-02 og allmiklu ofar í hlíðinni. Hún er innan við lítinn klettahjalla og rétt við landamerkjagirðinguna milli Gerðis og Sælingsdalstungu. Holan er í þokkaleghu ástandi. Vatn er leitt úr holunni heim til bæjar og notað til neyslu.



22. mynd. Borhola SG-04 í Gerði. Horft niður í Sælingsdal.





*23. mynd. Borhola SG-04 í Gerði. Horft inn Sælingsdal.*

## SG-05 - Gerði

Borhola SG-05 í Gerði er utan við tjörnina niður undir þjóðvegi. Hún er um 270 metra suður af vélageymslunni. Trékassi er utan um holuna og við hlið hennar er dæluskúr. 38°C heitt vatn er í holunni og því dælt heim í bæ til húshitunar. Dælan er á um 100 metra dýpi. Frárennslisvatnið er látið streyma í holuna aftur og í henni er skott sem nær niður í um 1000 metra. Ástand holunnar er þokkalegt en hún er byrjuð að láta á sjá.



24. mynd. Borhola SG-05 í Gerði. Dæluskúr er til vinstri.



*25. mynd. Borhola SG-05 í Gerði.*

## SG-06 - Gerði

Borhola SG-06 í Gerði er við landmerkin við Sælingsdal um 1,4 km innan við Gerði. Hún er í tanga við litla á og neðan vegarins. Holan er í þokkalegu ástandi.



26. mynd. Borhola SG-06 í Gerði. Horft inn Sælingsdal.



*27. mynd. Borhola SG-06 í Gerði.*

## SG-07 - Gerði

Borhola SG-07 er um 370 metra innan við bæinn og skammt neðan við veginn að Sælingsdal. Holan fannst ekki þrátt fyrir leit en hún hefur sést til skamms tíma.



*28. mynd. Borhola SG-07 í Gerði. Holan er í grasflókanum vinstra megin við veginn. Horft inn Sælingsdal.*

## SG-08 - Gerði

Borhola SG-08 á á eyrunum vestur af borholu SG-05. Þegar hún var komin í 10 metra dýpi myndaðist kviksyndi og borinn fór af stað. Hætt var við holuna og hennar sást ekki merki lengur.



*29. mynd. Borhola SG-08 í Gerði. Holan var á eyrunum sem myndin sýnir en hennar sjást ekki merki lengur.*